

# MANNGILDISSJÓÐUR REYKJANESBÆJAR

1. gr. Hlutverk Manngildissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning, styrki og viðurkenningar til stuðnings verkefnum á sviði fræðslu, fjölskyldu- og forvarnamála, menningar- og lista, tómstunda- og íþróttamála eða öðrum þeim verkefnum í þágu mannræktar og aukins manngildis í Reykjanesbæ.
2. gr. Stjórn Manngildissjóðs er skipuð fulltrúum bæjarráðs. Formaður bæjarráðs er jafnframt formaður sjóðsstjórnar.  
Stjórn Manngildissjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún hljóta samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Stjórn Manngildissjóðs ákveður í hverju tilviki hvernig greiðslum úr sjóðnum skuli háttáð. Stjórnin getur ákveðið að greiðslur fari fram í áföngum eftir því sem kostnaður fellur til. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr bæjarsjóði. Heimilt er sjóðsstjórninni að semja við fjármálastofnun að annast vörslu sjóðsins og fjárreiður hans.
3. gr. Sjóðstjórn ákveður framlög úr Manngildissjóðnum, sem tekur mið af þeim áherslum sem bæjarstjórn hefur samþykkt í stefnumótun sinni og ráðið telur brýnt að fylgja. Undir Manngildissjóð falla m.a. Tómsundastjórn, Íþróttastjórn, Forvarnarsjórn, Menningarsjórn, Þróunarsjórn leik-, grunn- og tónlistarskóla og Umhverfissjórn.
4. gr. Sérhver umsókn í Manngildissjóðinn skal móttækin og skráð hjá bæjarritara, sem starfsmanni sjóðsins. Framkvæmdastjórn Reykjanesbæjar bera ábyrgð hver í sínu lagi á skoðun umsókna sem tilheyra viðfangsefni viðkomandi sviðs og leggja fram tillögur fyrir viðkomandi fagråd til staðfestingar. Í kjölfar þess skulu tillögurnar lagðar fyrir stjórn Manngildissjóðs til formlegrar úthlutunar.
5. gr. Auglýst skal eftir umsóknum úr Manngildissjóði einu sinni á ári í mars ár hvert og fer úthlutun fram í maí. Ákveðnar deildir sjóðsins geta þó lagt til úthlutun oftari, vegna sérstakra aðstæðna.
6. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram komi nákvæmar upplýsingar um:
  - a) heiti verkefnis
  - b) markmið
  - c) fræðilegt og hagnýtt gildi verkefnis, eftir því sem við á
  - d) verk- og tímaáætlun.
  - e) kostnaðar- og fjármögnunaráætlun.Sé sótt um frekari stuðning við verkefni, sem áður hefur hlotið styrk úr sjóðnum, ber umsækjanda að láta fylgja umsókn áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins.
7. gr. Til Manngildissjóðs falla eftirfarandi tekjur:
  - a) Stofnframlag/framlög úr bæjarsjóði
  - b) Frjáls framlög
  - c) Fjármagnstekjur.
6. gr. Reglur þessar skulu endurskoðaðar við upphafi hvers kjörtímabils og öðlast þegar gildi.

